



Aðalfundur í Vátryggingafélagi Íslands hf. 12. mars 2015

Ályktunartillögur fyrir aðalfund félagsins

2. Tillaga um staðfestingu á ársreikningi félagsins.

Stjórn félagsins leggur til að ársreikningur félagsins fyrir árið 2014 verði samþykktur.

3. Tillaga um ráðstöfun hagnaðar félagsins.

Stjórn félagsins leggur til að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur kr. 1,03 á hlut fyrir árið 2014. Heildarfélagshæð arðgreiðslunnar er um 2.500 milljónir króna. Arðsákvörðunardagur er 12. mars 2015 sem þýðir að skráðir hluthafar í lok dags 16. mars 2015 (arðsréttindadagur) eiga rétt á arðgreiðslu. Arðleysisdagur er því 13. mars 2015 sem er fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag og útborgunardagur er 9. apríl 2015.

4. Tillaga stjórnar um hlutfjárhlækkun í félaginu

Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu til samþykktar á aðalfundi félagsins:

„Aðalfundur VÍS, haldinn 12. mars 2015, samþykkir að lækka hlutfé félagsins úr kr. 2.502.757.040 að nafnverði í kr. 2.438.480.516 að nafnverði, og að eigin hlutum félagsins að nafnverði kr. 64.276.524 sé þannig eytt.“

Greinargerð:

Á aðalfundi Vátryggingafélags Íslands hf. þann 13. mars 2014 var samþykkt að heimila stjórn að kaupa á næstu fimm árum allt að 10% af hlutfé félagsins, þ.e. að hámarki kr. 250.275.704 hluti að nafnverði. Á grundvelli þeirrar heimildar hafði félagið þann 31. desember 2014 keypt eigin hluti að nafnverði kr. 64.276.524. Stjórn félagsins hefur nú ákveðið að leggja það til við aðalfund að hlutfé félagsins verði lækkað sem nemur kr. 64.276.524 að nafnverði. Hefur lækkunin ekki áhrif á aðra hluti í félaginu en eigin hluti félagsins. Lækkunin verður framkvæmd eins fljótt og unnt er eftir að lögboðnar forsendur fyrir lækkuninni hafa verið uppfylltar, t.d. þegar samþykki Fjármálaeftirlitsins hefur verið aflað.

5. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.

Stjórn félagsins leggur til að aðalfundur samþykki endurskoðaðar samþykktir félagsins. Tillögurnar eru eftirfarandi.

Tillaga stjórnar um breytingu á 2. gr. samþykta félagsins

Aðalfundur VÍS, haldinn 12. mars 2015, samþykkir að fella á brott núgildandi 2. gr. samþykta félagsins þannig að eftirleiðis sé ekki getið um heimilisfang félagsins í samþykktum þess.

Greinargerð:

Með lögum nr. 132/2014 til breytinga á lögum nr. 2/1995 um hlutfélög var gerð sú breyting á 9. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög að ekki er lengur skylt að greina í samþykktum í hvaða sveitarfélagi hér á landi félagið telst hafa heimilisfang heldur þurfa þær upplýsingar eingöngu að koma fram í stofnsamningi félagsins. Tekið er fram í stofnsamningi VÍS að heimilisfang þess sé í Reykjavík og því óþarft að tilgreina það í samþykktum félagsins. Breytingin á samþykktum VÍS er til einföldunar þar sem samþykktum verður einungis breytt á hluthafafundi.

Tillaga stjórnar um breytingu á fjölda varamanna í 16. gr. samþykktá félagsins

Aðalfundur VÍS, haldinn 12. mars 2015, samþykkir að varamenn í stjórn félagsins verði tveir samkvæmt heimild þess efnis í 1. mgr. 54. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi í stað fimm talsins og að 1. mgr. 16. gr. samþykktá félagsins orðist eftirleiðis með eftirfarandi hætti:

„Stjórn félagsins skipa fimm menn og tveir til vara. Stjórnarmenn skulu fullnægja þeim skilyrðum sem kveðið er á um í hlutafélagalögum og lögum um váttryggingastarfsemi.“

Tillaga stjórnar um breytingu á samþykktum í tengslum við hlutafjárlækkun í félaginu

Vegna samþykkis aðalfundar VÍS, haldinn 12. mars 2015, á hlutafjárlækkun í félaginu er samþykkt að 1. mgr. 4. gr. samþykktá félagsins orðist með eftirfarandi hætti:

„Hlutafé félagsins er kr. 2.438.480.516 – tveir milljarðar fjögur hundruð þrjátíu og átta milljónir fjögur hundruð og áttatíu þúsund og fimm hundruð og sextán krónur – og skiptist í jafnmarga hluti.“

Tillaga hluthafa um breytingu á 26. gr. samþykktá félagsins

Aðalfundur VÍS, haldinn 12. mars 2015, samþykkir að fella brott núgildandi 26. gr. samþykktá félagsins sem fjallar um heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar í tengslum við mál slitastjórnar SPRON gegn félaginu.

Greinargerð: Þann 27. febrúar sl. var tilkynnt um að VÍS og slitastjórn SPRON hefðu gert með sér samkomulag um niðurfellingu dómsmáls sem höfðað var af hálfu slitastjórn SPRON með stefnu dagsettri 18. júlí 2012. Einnig kemur fram að af þessu tilefni hafi stjórn VÍS samþykkt að leysa Klakka ehf. undan áskriftarloforði sínu og bankaábyrgð í tengslum við skaðleysi VÍS af SPRON málinu, enda ljóst að ekki væri þörf fyrir skaðleysið þar sem fella ætti málið niður.

Í 26. gr. samþykktá VÍS er að finna heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar í tengslum við mál slitastjórnar SPRON gegn VÍS, með útgáfu nýrra hluta í nýjum hlutaflokki, B-flokki.

Þar sem það liggur fyrir samkvæmt fyrrnefndri tilkynningu félagsins að mál slitastjórnar SPRON gagnvart VÍS hefur verið fellt niður er ljóst er að þessi grein samþykktanna hefur ekki lengur sjálfstætt gildi.

6. Tillaga um heimild félagsins til að kaupa eigin hluti – endurnýjun heimildar.

Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu til samþykktar á aðalfundi félagsins:

„Aðalfundur í Váttryggingafélagi Íslands þann 12. mars 2015 heimilar stjórn félagsins að kaupa á næstu 18 mánuðum hluti í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, allt að 10% af hlutafé þess. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í Kauphöll Íslands, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga.“

7. Kosið í stjórn félagsins.

Eftirtaldir aðilar gáfu kost á sér í stjórn félagsins:

Aðalstjórn

Ásta Dís Óladóttir, kt. xxxxxx-xxxx
Bjarni Brynjólfsson, kt. xxxxxx-xxxx
Guðrún Þorgeirsdóttir, kt. xxxxxx-xxxx
Helga Jónsdóttir, kt. xxxxxx-xxxx
Maríanna Jónasdóttir, kt. xxxxxx-xxxx
Steinar Þór Guðgeirsson, kt. xxxxxx-xxxx

Varastjórn

Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, kt. xxxxxx-xxxx
Davíð Harðarson, kt. xxxxxx-xxxx

8. Ákvörðun um þóknun til stjórnar og undirnefnda stjórnar.

Lagt er til að mánaðarleg stjórnarlaun verði kr. 350.000,- fyrir almennan stjórnarmann og kr. 600.000,- fyrir formann. Varastjórnarmenn fái greidda eingreiðslu að fjárhæð kr. 350.000,- í upphafi starfsárs og að auki kr. 100.000,- fyrir hvern fund sem þeir mæta á. Þóknun fyrir formennsku í endurskoðunarnefnd verði kr. 160.000 á mánuði en aðrir nefndarmenn fái kr. 80.000 á mánuði. Þóknun fyrir nefndarmenn í starfskjaranefnd verði kr. 50.000 fyrir hvern fund.

Greinargerð:

Lagt er til að tilhögun á þóknun stjórnar verði breytt en stjórnarlaun hafa verið óbreytt frá árinu 2010. Fjárhæð fastrar mánaðarlegrar þóknunar verði hækkuð úr kr. 200.000,- í kr. 350.000,- fyrir almennan stjórnarmann og úr kr. 400.000,- í kr. 600.000, fyrir formann. Hætt verði að greiða sérstaklega fyrir aukafundi stjórnar umfram einn í hverjum mánuði, en greiddar hafa verið kr. 100.000,- fyrir hvern aukafund, þó ekki ekki fyrir fleiri en þrjá aukafundi í hverjum mánuði. Þá er lagt til að varamenn í stjórn fái árlega greidda fjárhæð sem nemur mánaðarlegri þóknun stjórnarmanna auk greiðslu fyrir hvern fund sem þeir mæta á. Lagt er til að þóknun fyrir setu í undirnefndum stjórnar verði óbreytt frá fyrra ári. Tillaga um fjárhæð þóknunar stjórnar tekur mið af umfangi og eðli rekstrar, vinnuframlagi og sértækri ábyrgð stjórnarmanna í váttryggingafélögum.

9. Kosning endurskoðunarfélags.

Stjórn leggur til að KPMG ehf. verði endurkjörð sem endurskoðunarfélag VÍS til næsta árs.

Greinargerð:

KPMG ehf. var kosið endurskoðunarfélag VÍS til fimm ára á aðalfundi félagsins 7. mars 2013, sbr. 4. mgr. 57. gr. laga um váttryggingastarfsemi. Í samræmi við lög um ársreikninga og samþykktir félagsins þarf aðalfundur þó að staðfesta ráðningu endurskoðunarfélags árlega.

10. Tillaga um starfskjarastefnu.

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund félagsins að meðfylgjandi starfskjarastefna, sem er efnislega óbreytt frá síðasta aðalfundi, verði samþykkt.